

Fréttabréf AFLs

5. tbl. 2016

Dreift um allt Austurland



Til góðra verka



Nýjar íbúðir á Akureyri

Nýjar íbúðir AFLs við Ásatún 42 á Akureyri verða teknar í notkun um næstu helgi. Á myndinni má sjá yfirumsjónarmann orlofsíbúða AFLs, Hallbjörn Þorbjörnsson byggingameistara, við standsetningu á einni íbúðanna.

Athygli er vakin á því að lokafrágangi sameignar og lóðar verður ekki lokið en við vonum að fólk kippi sér ekki upp við það. Við bendum fólk á að taka lyftuna upp því stigangangur er enn í frágangi og ekki verður lokið við að teppaleggja.

Nýju íbúðirnar eru með aðgangskerfi eins og í Reykjavík þannig að félagsmenn verða að muna að taka félagsskírteinin með sér því þau eru lykjar að íbúðunum. Boðið er upp á þráðlaust net auk þess sem LAN-tengill í stofu er með nettengingu. Fyrst um sinn er boðið upp á sjónvarp sem fæst í gegnum greiðu og því eru ekki áskriftarstöðvar.



Verkföll sjómanna 10. nóvember?

Atkvæðagreiðsla í verkfallsboðun sjómanna annarra en smábátasjómanna stendur nú yfir á félagssvæði AFLs svo og annarra sjómannafélaga innan Sjómannasambands Íslands. Atkvæðagreiðslunni lýkur 17. október og þurfa atkvæði félagsmanna að vera komin í hús þá til að vera talin.

Hjá Sjómannadeild AFLs er um póstatkvæðagreiðslu að ræða og voru kjörgögn send félagsmönnum 14. september sl.

Að sögn formanns AFLs, Hjördísar Þóru Sigurþórsdóttur, er kjörsókn þokkaleg hingað til en mikilvægt er að sannfærandi þátttaka sé í

atkvæðagreiðslunni komi til verkfallsboðunar. Verði verkfallsboðunin samþykkt mun verkfall hefjast 10. nóvember á skipum yfir 12 tonn. Verkfallið mun standa þar til samið verður.

Á kjörskrá AFLs eru 148 sjómenn og mun verkfallsboðun, ef af verður, lama útgerðir allt frá Höfn og norður til Bakkafjarðar. Því er ljóst að verkfall mun hafa mikil áhrif á útflutning þar sem útflytjendur bolfisks eru flestir með fasta sölusamninga og þurfa að afhenda vikulega ferskan fisk á markaði.

Hjördís segir sjómenn langþreytta á framkomu útgerðarinnar sem allt frá 2011 hefur ekki sýnt minnsta

vilja til samninga og raunar komið með ósvífnar gagnkröfur. Það var síðan í sumar sem samningar tókust loks á milli aðila en þannig að þeir kolféllu í atkvæðagreiðslu.

VM stéttarfélag vélstjóra tekur og þátt í aðgerðunum og er nokkur hugur í vélstjórum.

Helstu ásteytingasteinar í þessari vinnudeilu hafa verið að sjómenn vilja fá sjómannaafsláttinn bættan en hann var tekinn af í áföngum frá því síðustu samningar runnu út. Ennfremur vilja sjómenn njóta lífeyrisréttinda á borð við aðra og fá hækkað mótframlag svo sem önnur félög innan ASÍ sömdu um í síðustu kjarasamningum.

Þó eru deilur um verðmyndun sjávarafla – en verulegur hluti afla er seldur í innri viðskiptum – þ.e. útgerð og vinnsla eru á sömu hendi og verðmyndun langt frá því að vera gegnsæ.

Það hefur ekki heldur auðveldað samningagerð að á síðasta ári hefur íslenska krónan styrkst um 9% og á sama tíma hefur sterlingspundið fallið um rösk 20% og markaðir t.d. í Rússlandi og í Nígíeríu eru meira og minna lokaðir vegna innflutningsbanna í þessum löndum.

Sverrir Albertsson, framkvæmdastjóri AFLs Starfsgreinafélags og stjórnarmaður Stapa Lífeyrissjóðs

Satt og logið um lífeyrissjóðina

„Lífeyrissjóðirnir eru bara svikamylla og þar er sukkað og svindlað með peningana okkar!“ Ef menn vilja fá stundarvinsældir á samfélagsmiðlum eða slá um sig á kaffistofunni eru fullyrðingar á borð við þessa vel til þess fallnar. Því miður hefur umræða um lífeyrissjóðina litast af reiði fólks yfir fjármálakreppunni og afleiðingum hennar og þörf fólks á að finna sökudólga. Umræðan hefur því miður oft einkennst af sleggjudómum og yfirlýsingum sem byggja að mestu á þekkingarleysi og lýðskrumi. Því verður hér reynt að tæpa á nokkrum atriðum sem skipta máli.

Í raun býst höfundur ekki við að margir nenni að lesa þetta því í umræðu dagsins er yfirleitt látið nægja að fleyta á fyrirsögnum. En mögulega hafa einhverjir áhuga á að kynna sér „hina hlið“ umræðunnar.

Töpuðu íslensku lífeyrissjóðirnir ekki öllu í bankahruninu?

Lífeyrissjóðakerfið fékk á sig högg í bankahruninu en engu að síður var það sá hluti fjármálakerfisins sem hélt velli á meðan nánast allir aðrir urðu gjaldþrota. Í umræðunni hér á landi er oft sem að íslenskir lífeyrissjóðir hafi verið sérstaklega illa reknir og það rakið til óháfra stjórnenda og hvers kyns spillingar. Stapi Lífeyrissjóður var með 0,2% nafnávöxtun 2008 á meðan Norski olíusjóðurinn var með -23,3% nafnávöxtun og lífeyrissjóðir innan OECD – þ.e. í öllum þróuðustu ríkjum heims – voru að meðaltali með -23% nafnávöxtun.

Ef við viljum skoða það með tiliti til kaupmáttar var 12 mánaða verðbólga á Íslandi árið 2008 12,4% þannig að eignir Stapa rýrnuðu um 12% að raungildi. Verðbólga í Noregi 2008 var 3,77% og rýrnuðu því eignir Olíusjóðsins um 27% m.v. kaupmátt í norskum krónum. (Reyndar var Olíusjóðurinn norskur fljótari að rétta úr kútnum aftur því honum var frjálst að eiga viðskipti um heim allan í kjölfarið á meðan lífeyrissjóðirnir íslensku voru fastir inni í gjaldeyrishöftum.)

Verðtrygging er bara fyrir lífeyrissjóði!

Einn algengasti frasi á samfélagsmiðlum er að sú uppfinning andskotans sem verðtrygging og verðbætur er sé sniðin fyrir lífeyrissjóði og að sjóðirnir geti ekki starfað án verðtryggingar. Þetta er eiginlega alrangt. Innan við helmingur fjárfestinga lífeyrissjóða er í verðtryggðum bréfum, t.d. ríkisskuldabréfum á meðan restin er óverðtryggð, þ.e. t.d. hlutabréf og óverðtryggð skuldabréf. En 99,7% útgjalda lífeyrissjóða eru verðtryggð, þ.e. lífeyrir sjóðsfélaga í samræmi við 14. grein laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda. (Ellilífeyrir skal borgaður út mánaðarlega með jöfnum greiðslum til æviloka. Mánaðarlegur

lífeyrir skal verðtryggður og breytast til samræmis við breytingu á vísitölu neysluverðs. Nánar skal kveðið á um fjárhæð ellilífeyris, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans í samþykktum.)

Þannig er verðbólguáhætta einn stærsti áhættuþátturinn í áætlanagerð lífeyrissjóða ásamt gengisáhætta.

Ef verðtrygging skuldbindinga væri bönnuð eins og um er talað, þýddi það í raun að verðbólguáhætta sjóðanna myndi minnka verulega eða hverfa, en sú áhætta flyttist öll yfir á sjóðsfélaga og þá sem fá greiddan lífeyri.

Af hverju ekki bara einn lífeyrissjóð fyrir alla?

Á síðustu árum hefur lífeyrissjóðum fækkað verulega með sameiningum sjóða. Engu að síður eru lífeyrissjóðir á þriðja tug núna. Hver lífeyrissjóður er sjálfstæður og í eigu sjóðsfélaga og það hlýtur að kalla á sterk rök ef sameina á sjóði með valdbóði eða lagasetningu því þannig er tekið fram fyrir hendur eigenda að fara með sameiginlega eign sína.

En sjóðum er frjálst að sameinast telji sjóðsfélagar það æskilegt og til dæmis eru tveir frekar sjóðir að

sameinast um þessar mundir.

Undirritaður er mótfallinn því að þvinga sjóði til sameininga og telur reyndar að ekki sé endilega æskilegt að sjóðir verði mikið stærri en t.d. Stapi er. Það skortir gögn til að staðfesta að stærri sjóðir séu ódýrari í rekstri en minni sjóðir þótt eflaust séu einhver mörk á því hversu smáir sjóðir geti verið til að vera hagstæð rekstrareining. En því stærri sem sjóðir verða því meiri verða völd einstakra starfsmanna og stjórna því

fjármunir sem sýslað er með verða meiri. Völd myndu því safnast á færri hendur og hætt er við að gagnsæi yrði minna og allar fjárfestingar stærri í sniðum.

Lífeyrissjóðir eru misáhættusæknir. Til dæmis hefur Stapi lífeyrissjóður rekið frekar varkára fjárfestingastefnu. Af því leiðir að ávöxtun er ívið minni en viðmiðunarsjóða þegar vel gengur en „tap“ minna þegar illa árar. Í heildina hefur þetta skilað Stapa

ásættanlegum árangri. Ef einn sjóður væri fyrir alla væru öll egg í einni kórflu. Deila má um slíka ráðstöfun.

Einnig má telja líklegt að auðveldara væri fyrir stjórnmalamenn að komast í lífeyrissjóð sem væri sameiginlegur fyrir þjóðina og persónulega held ég að ekki liði á löngu þar til slíkur sjóður yrði notaður til að fjármagna kosningaloforð og myndi síðan renna saman við Tryggingastofnun ríkisins.

Af hverju fær afi svona lítið úr lífeyrissjóði?

Flestir almennu lífeyrissjóðirnir tóku til starfa í kringum 1970 og framan af greiddi fólk 10% iðgjald af dagvinnulaunum. Fyrstu árin sem sjóðirnir störfuðu var óðaverðbólga og sjóðsöfnunin brann upp með því að lán voru óverðtryggð og vextir voru hvergi nægir til að mæta verðbólgu. Alvöru sjóðasöfnun hófst ekki fyrr en með Ólafslögum um verðtryggingu 1979 – en eftir sem áður greiddu menn aðeins af dagvinnulaunum og sjómenn af tryggingu. Á þessum tíma voru ýmis ráð

notuð til að koma sér hjá greiðslu til lífeyrissjóðs, m.a. með því að stór hluti launa var skráður sem yfirvinna og jafnvel bílastyrkir.

Það var síðan ekki fyrr en um 1994 sem farið var að greiða af öllum launum til lífeyrissjóðs og 2004 voru iðgjöld til lífeyrissjóða hækkuð í áföngum í 12% launa og nú í síðustu kjarasamningum var samið um hækkan í áföngum upp í 15,5%. Fyrsti lífeyrisþeginn sem greitt hefur alla sína starfsævi í lífeyrissjóð fer ekki á lífeyri fyrr en árið 2028 og

það verður ekki fyrr en um 2030–40 sem einstaklingar munu hafa greiðslur úr lífeyrissjóði sem byggja á réttindaávinnslu alla starfsævi af öllum launum. Fólk verður að skoða núverandi réttindi með þetta í huga. Ástæða þess að afi fær ekki meira en raun ber vitni er að mestu vegna þess að hann greiddi aðeins í lífeyrissjóð hluta starfsævinnar og þá aðallega af dagvinnulaunum en ekki heildartekjum.

Af hverju er verið að hækka iðgjöldin?

Það er ekki óalgengt að heyra að ástæða hækkingar iðgjalda sé botnlaus hallarekstur sjóðanna og sukk og svínari þar innandyra. Það er ekki rétt heldur er hækking iðgjalda af nokkrum ástæðum.

Í fyrsta lagi var áætlaður meðalaldur 1970 byggður á dönskum talnagögnum og fólk renndi nokkuð blint í sjóinn hvað varðar áætlaðar lífeyrisgreiðslur út frá því. Lífslíkur fólks hafa aukist þó nokkuð frá 1970. Frá 1985 hafa lífslíkur karla aukist um 6 ár og kvenna um 4 ár og er þá horft til lífslíka við fæðingu.

Tryggingafræðilega er þetta flóknara því reikna þarf lífslíkur starfandi einstaklinga og þá


sérstaklega lífslíkur eftir að taka lífeyris hefst. Engu að síður er ljóst að lífslíkur lífeyrisþega eru talsvert meiri nú en við stofnun sjóðanna, þ.e. fólk mun fá greiddan út lífeyri sinn í fleiri ár en upphaflega var gert ráð fyrir. Það er því um tvennt að velja; að lækka lífeyrisgreiðslur eða hækka iðgjaldið. Ef við horfum burt frá samtryggingaþáttum lífeyriskerfisins, sem eru þó eitt af aðalsmerkjum þess, þá er lífeyrissjóður eins og hver önnur bankabók. Ef innistæðan þarf að endast í fleiri ár er bara um tvennt að ræða. Annaðhvort að minnka það sem við tökum út í hverjum mánuði eða leggja meira inn á bankareikninginn

sem nemur þeim árum sem við bætum við.

Þá hefur örorkubyrði lífeyrissjóðanna farið vaxandi á síðustu árum en hluti iðgjalda okkar fer í greiðslu örorkulífeyris.

Þriðja ástæða hækkingar iðgjalda er sú vegferð Alþýðusambandsfélaga að reyna að jafna lífeyrisrétt fólks á almennum vinnumarkaði við lífeyrisrétt opinberra starfsmanna en verulegur munur hefur verið á lífeyrisrétti fólks eftir því hvar það starfar. Það væri efni í annan pistil – ekki styttri – að fjalla um það mál.

Er ekki rekstrarkostnaður sjóðanna galinn?



Það kostar peninga að græða peninga er stundum sagt. Íslenskir lífeyrissjóðir hafa lengið setið undir ámæli fyrir háan rekstrarkostnað – að því er virðist að mestu að ósekju. Samkvæmt yfirliti OECD er rekstrarkostnaður íslenskra lífeyrissjóða með því lægsta sem þekktist.

Það sem vekur kannski athygli er að rekstrarkostnaður sjóða virðist ekki tengjast stærð sjóða beint þannig að mjög stórir sjóðir eru ekki endilega með lægri rekstrarkostnað.

Starfsmenn lífeyrissjóða fást aðallega við tvö verkefni. Það fyrra er utnumhald iðgjaldagreiðslna og umsjón lífeyrisgreiðslna. Það eru hefðbundin skrifstofustörf og umfang þeirra starfa fer bara eftir fjölda sjóðsfélaga og fjölda þeirra sem frá greiddan lífeyri.

Hinn þátturinn í starfinu er umsjón sjóðsins – þ.e. fjárfestingar. Í ljósi háværra krafna almennings höfðu sjóðirnir almennt skorið verulega niður í starfsmannahaldi á árunum fyrir bankahrun og

þar sem ekki er unnt að fækka þeim sem þjóna sjóðsfélögum var skorið niður í sérfræðistörfum sem tengjast fjárfestingarstarfsemi.

Í skýrslum rannsóknarnefnda sem fjölluðu um Lífeyrissjóðina og bankahrunið var einmitt fjallað um það að þar sem sérfræðiþekkingu skorti innan sjóðanna þurftu þeir um of að treysta á ráðgjöf aðila sem þeir voru svo að eiga viðskipti við – þ.e. greiningadeildir bankanna og ráðgjafa annarra fjármálastofnana.

Það er skoðun pistilhöfundar að frekar ætti að bæta við starfsmönnum lífeyrissjóða sem annast fjárfestingar og treysta minna á ráðgjöf utanaðkomandi aðila. Greiningadeildir banka ættu menn ekki að reida sig á í neinu. Fjölgun sérfræðinga við fjárfestingar ætti líka að hafa í för með sér sparnað í þóknunum til fjármálaþyrirtækja þannig að ekki er víst að heildarkostnaður yrði meiri en hann kæmi fram í launakostnaði í stað þess að bókast sem viðskiptakostnaður. Það er því nauðsynlegt að fjalla um þessi mál af yfirvegun því einblíni menn á starfsmannafjölda og launakostnað er eins víst að sjóðirnir verði aftur reknir í fang fjármálaþyrirtækja sem hafa allt önnur markmið í sinni starfssemi og aðra hagsmuni að verja.

Af hverju ekki að þjóðnýta lífeyrissjóðina?

Einn frambjóðandi í alþingiskosningum sagði í sjónvarpskyningu að taka ætti fé lífeyrissjóðanna til að byggja upp innviði samfélagsins og alþekkt er að m.a. Helgi í Góu auglýsir árlega – helst í aðdraganda páska – að nýta eigi fé lífeyrissjóða til að byggja íbúðir fyrir eldri borgara.


Í raun er sjálfsagt að lána fé lífeyrissjóðanna til vegagerðar eða skólabygginga ef lántakandi er borgunarmaður fyrir láninu og lánskjör viðunandi. En ástæða þess að margir eru áhugamenn um að fá fé lífeyrissjóða afhent á öðrum forsendum en venjulegum viðskiptum er að fólk vill auðvitað nota peningana en ekki afla þeirra.

Í fyrsta lagi væri hver slík ráðstöfun eignaupptaka því sjóðirnir eru ekkert annað en sparifé sjóðsfélaga. Í öðru lagi væri slík ráðstöfun óðs manns æði með tilliti til þess að lífeyrissjóðir greiða í dag út yfir 80

milljarða árlega í lífeyri og örorkulífeyri og hlutfall lífeyrisgreiðslna af heildarlífeyri fer sífellt vaxandi.

Í dag eru á Íslandi um 35.000 íbúar yfir 67 ára en um 2050 stefnir í að lífeyrisþegar verði um 100.000. Á sama tíma er fæðingartíðni lækkanandi. Um 1970 eignaðist hver kona á Íslandi um 3 börn að meðaltali en í dag er fæðingartíðni komin niður fyrir 2 börn pr. konu. Það er því augljóst að það verða æ færri vinnandi hendur fyrir hvern lífeyrisþega og því mikilvægt að við byggjum upp sjálfbært lífeyriskerfi þannig að það lendi ekki á unga fólki framtíðarinnar að sjá fyrir okkur með beinum skattgreiðslum.

Það má benda á að Ísland er í hópi fárra þjóða sem eru með lífeyriskerfi sem stefnir óðfluga í að vera sjálfbært en mörg nágrannalanda okkar sjá fram á verulegar þrengingar þegar stóru eftirstíðsárakynslóðirnar fara



á lífeyri og fjármagna þarf lífeyrinn með skattheimtu.

Það er allavega til umhugsunar fyrir þá sem vilja þjóðnýta sjóðina til þarfra verka að svara til um hvernig fjármagna á lífeyrisgreiðslur sem í dag eru um 80 milljarðar árlega og stefna í að vera 250 milljarðar innan skamms. Ef fjármagna ætti

lífeyrisgreiðslur með skattlagningu á rösklega 250.000 launþega til viðbótar við rekstur heilbrigðiskerfis sem verður bara dýrara og dýrara með fjölgun eldri borgara sem þurfa aukna umönnun – þýddi það um 1 milljón króna árlega í álagða skatta á hvern launþega – bara til að fjármagna lífeyrisgreiðslur.

Orlofssjóður í járnum!

-seljum hundruði flugávisana með Flugfélaginu Ernir en Flugfélag Íslands hafnar viðskiptum

Samkvæmt sex mánaða uppgjöri Orlofssjóðs er um 6 milljón króna hallarekstur á sjóðnum á fyrri hluta ársins. Hafa ber í huga að tekjur eru yfirleitt hærrí á síðari hluta ársins á meðan útgjöld leggjast þyngra á fyrri hluta ársins, meðal annars þar sem þá eru rekstrarframlög til orlofsbyggða yfirleitt greidd að mestu.

Þannig er um 20 milljón króna halli af rekstri orlofshúsa á fyrstu 6 mánuðum ársins en örlítill rekstrarafgangur af rekstri orlofsíbúða. Þá ber til þess að líta að 11 milljón króna kostnaður vegna flutnings á orlofsíbúðum úr Mánatúni í Stakkholt fellur á 2016 og hefur veruleg áhrif á útkomu sjóðsins. Velta sjóðsins á fyrri hluta ársins var um 70 milljónir króna.

Félagið hefur í ár ráðstafað um 2 milljón- um króna til „annarra orlofskosta“ s.s. niður- greiðslu útilegu- og veiðikorta, Spalarmiða

og gistiávisana á hótél. Stærstu liðir í þeim flokki voru Fosshótélávisanir – 550.000 og útilegukort um 300.000.

Verulega umfangsmikill þáttur í þjónustu orlofssjóðs er sala á flugávisunum með Flugfélaginu Ernir en félagið selur ávisanir á kr. 9.300 fyrir hvora leið Höfn-Reykjavík. Til að ná þessu verði kaupir félagið í magnkaupum ávisanir fyrir um 9 milljónir króna í hvert sinn. Flugávisanirnar eru síðan seldar áfram til félagsmanna á innkaupsverði. Daglega seljast á bilinu 10-20 ávisanir að meðaltali og er fjárbinding félagsins að meðaltali 4 milljón- ir króna.

AFL Starfsgreinafélag og Eining Iðja á Akureyri hafa ítrekað reynt að ná samning- um við Flugfélag Íslands um álíka magnkaup af miðum en án árangurs.



Við nýjar íbúðir AFLs í Stakkholtri.

Meiri og lengri veikindi

Greiðslur úr sjúkrasjóði AFLs vegna sjúkradagpeninga hafa aukist um 33% mið- að við sama tíma í fyrra. Alls voru greiddar 53 milljónir kr. fyrstu 6 mánuði ársins en 2015 voru greiddar um 40 milljónir á sama tíma. Það stefnir því í að dagpeningar verði alls um 105 milljónir í ár en voru 80 milljónir í fyrra.

Á fyrstu 6 mánuðum ársins hafa styrkir verið á sama róli og í fyrra og voru greiddar 13,5 milljónir í ýmsa styrki en 27 milljón- ir alls í fyrra. Mest er greitt í ferðastyrki en fyrstu 6 mánuði ársins greiddi félagið alls um

3 milljónir til að styrkja félagsmenn vegna ferðakostnaðar út af lækniþjónustu. Þessi lið- ur hefur farið hækkandi síðustu ár með skertri sérfræðiþjónustu á félagssvæðinu.

Aðrir stórir styrkjaflokkar eru sjúkráþjálfun, gleraugnastyrkir og líkamsræktarstyrkir – hver styrkjaflokkur að upphæð u.þ.b. 2,5 milljónir á fyrstu sex mánuðum ársins.

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri fyrri árs- helmings stefnir í að sjúkrasjóður verði gerður upp nánast á sléttu eftir árið en í fyrra var 24 milljón króna afgangur af sjóðnum.



Gleraugnastyrkir eru meðal stærstu styrkjaflokkanna úr sjúkrasjóði AFLs.

42. þing ASÍ

AFL á 13 fulltrúa á næsta þingi ASÍ sem verður 26.–28. október nk. Mest hefur AFL átt 24 fulltrúa á þinginu sem var á uppbyggingartímabili Kárahnjúkavirkjunar og Fjarða- áls enda voru félagsmenn þá allt að 10.000. Flesta fulltrúa á Verka- mannadeildin eða 10 og hver hinna deildanna einn fulltrúa.

Aðalmál þingsins að þessu sinni verður nýtt samningalíkan og verður

nánar fjallað um þær hugmyndir í næsta fréttabréfi. Samningalíkanið byggir á þeirri hugmynd að eitt stéttarfélag eða samband geri kjara- samning hverju sinni og aðrir fylgi innan ramma launahækkana í fyrsta samningi. Sambærilegt módel er í gangi á Norðurlöndunum og algeng- ast er að útflutningsgreinarnar semji fyrstar og gefi tóninn.

Starfsdagur starfs- manna grunnskóla

Á morgun föstudag verður starfs- dagur AFLs Starfsgreinafélags fyrir þá félagsmenn sem vinna í grunn- skólum á félagssvæðinu.

Á fundinum verður m.a. farið yfir Virk Endurhæfingarsjóð og starf- semin kynnt en aðalefni dagsins verður umfjöllun Sigurðar Ólafsson- ar ráðgjafa sem fjallar um samskipti

og viðhorf til vinnu og til lífsins sjálfs; „Fáðu meira út úr vinnunni og lífinu sjálfu.“

Að lokinni dagskrá verður óvissuferð sem endar með góðum kvöldverði.

Þátttaka tilkynnist á næstu skrif- stofu AFLs.

Vefverslun AFLs!

Nýtt – á mínum síðum á www.asa.is

Í síðustu viku var opnuð vefverslun á „Mínum síðum“ á heimasíðu AFLs þar sem félagsmenn geta meðal annars keypt flugávisanir með Flugfélaginu Ernir. Á næstu dögum bætast hótélávisanir á vefverslunina svo og miðar í Hvalfjarðargöngin. Næsta sumar verða svo

útilegukort og veiðikort til sölu í vef- verslun félagsins.

Þegar félagsmenn skrá sig inn á mín- ar síður gefst þeim kostur á að versla í vefversluninni og ýmist greiða með kreditkortu eða nýju debetkortunum eða fá senda kröfu í heimabanka. Ef valin er krafa í heimabanka er flug- ávisunin send sjálfkrafa með tölvupósti um leið og krafan er greidd.

